

# Djúpárhreppur

Samkomuhúsi Þykkvabæjar, 851 Hella.  
s-487-5639 fax 487-5611 gsm 861-5639

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1490  
komudagur 25. 3. 2002

Þykkvabæ 24. mars 2002.

Sjávarútvegsnefnd Alþingis,  
b.t. Ágúst Geir Ágústsson.

Varðar; frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórnun fiskveiða, með síðari breytingum.

Sveitarstjórn Djúpárhrepps tók áðurgreint erindi fyrir á fundi þann 20. mars sl. Oddvita var falið að gera athugasemd við 4. grein frumvarpsins, hvað varðar heimild til handa ráðherra að ráðstafa allt að 1.500 lestum af óslægðum botnfiski til skipa sem gerð eru út frá byggðarlögum sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Í þessu felst að okkar álitni mismunun milli byggðarlaga og útvegsfyrirtækja eftir því hvernig þau hafa verið rekin undanfarin ár. Að auki er "þjóðareignin" þarna notuð á sérkennilegan hátt til mismununar eftir því hvaða atvinna er stunduð í byggðarlögum landsins.

Virðingarfyllt f.h. Djúpárhrepps,

  
Oddviti.